



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir starfsemi smurstöðvar, bifreiða- og vélaverkstæðis og handvirkrar
bónstöðvar (BL - Þjónustuverkstæði Jaguar Land Rover) að Hesthálsi 6-8,
F2044208, rými 01 0101.

Nafn leyfishafa: BL - JLR ehf.

Heimilisfang: Sævarhöfði 2

Póstnúmer: 110

Kennitala: 441223-1610

Útgáfudagur leyfis: 30. apríl 2025

Gildir til: 30. apríl 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur* fyrir mengandi starfsemi og *Starfsleyfisskilyrðum* fyrir smurstöðvar, *Starfsskilyrðum* fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur og *Starfsskilyrðum* fyrir bónstöðvar og bílaleigur.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili saki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skýlt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 30. apríl 2025





BL-JLR ehf.

kt. 441223-1610

Sævarhöfði 2

vegna smurstöðvar, bifreiða- og vélaverkstæðis og handvirkrar bónstöðvar í starfstöð fyrirtækisins að Hesthálsi 6-8.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti og/eða 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Dags. umsóknar. Sjá kafla 1. hér að neðan.	19.03.2025
Rekstraraðili, kt.	BL-JLR ehf. 441223-1610
Heiti fyrirtækis	Þjónustuverkstæði Jaguar Land Rover
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Hestháls 6-8, F2044208, 01 0101.
Tegund starfsemi	Smurstöð, sbr. lið 91 í viðauka IV. í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, bifreiða- og vélaverkstæði, sbr. lið 5 í viðauka IV. í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og bón- og bílaþvottastöð, sbr. lið 7 í viðauka IV í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
Tilefni umsóknar	Eigendaskipti.
Umsögn skipulagsfulltrúa	Ekki þótti tilefni til að óska staðfestingar skipulagsfulltrúa vegna umsóknarinnar.
Umsögn byggingarfulltrúa	Ekki þótti tilefni til að óska staðfestingar byggingarfulltrúa vegna umsóknarinnar.
Dags. auglýsingar á móttöku umsóknar um starfsleyfi	19.03.2025
Dags. birtingar auglýsingar – frestur til athugasemda	25.03.2025, frestur til athugasemda var til 22.04.2025.
Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. hér að neðan.	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 7. hér að neðan.	Umsóknin var lögð fyrir 1828, afgreiðslufund HER þann 30.04.2025. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára.



1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin fullnægjandi. Móttaka umsóknar var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>.

2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins

<https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/starfsleyfi-tillogur-i-auglyssingu-og-utgefin-leyfi> þann 25.03.2025. Frestur til að skila inn athugasemdum var 4 vikur eða til 22.04.2025.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 12. janúar 2026

Fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rúnar Grímsson